

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 18. júní 2026.

Mál nr. 832/2025:

Ákærvaldið

(Dröfn Kærnested saksóknari)

gegn

Leomel Andres Romero Berrios

(Helgi Þorsteinsson Silva lögmaður)

Lykilorð

Umferðarlagabrot. Skjalafals. Akstur án ökuréttinda. Sönnun. Sýkna að hluta.

Útdráttur

L var ákærður fyrir umferðarlagabrot og skjalafals með því að hafa á tilgreindum stað og stund ekið bifreið án þess að hafa öðlast ökurétt og án þess að ljós hennar væru tendruð og framvísað í blekkingarskyni gagnvart lögreglu ökuskírteini frá Perú á nafni L sem reyndist grunnfalsað. Með dómi héraðsdóms var L sakfelldur samkvæmt ákæru. Fyrir Landsrétti undi L niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu fyrir að hafa ekið bifreið án þess að ljós hennar væru tendruð en neitaði að öðru leyti sök. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að umrætt ökuskírteini hefði samkvæmt skýrslu lögreglu ýmis einkenni fölsunar, þessi tegund ökuskírteina frá Perú væri ekki til og engar upplýsingar að finna um þessa tegund ökuskírteina á upplýsingasíðum lögreglu. L hefði gefið skýringar á því í framburði sínum í héraði hvers vegna ökuskírteinið væri gefið út af staðbundnum yfirvöldum, auk þess sem honum hefði ekki lánast að afla staðfestingar yfirvalda á uppruna ökuskírteinisins. Þá leit rétturinn til þess að L hefði áður framvísað umræddu ökuskírteini við lögreglu án þess að grunur hefði vaknað um að það væri falsað. Að öllu framangreindu virtu taldi Landsréttur ekki hafið yfir vafa að L hefði framvísað fölsuðu ökuskírteini. Var L því sýknaður af þessum hluta ákæru. Varðandi þann lið ákæru er sneri að akstri án ökuréttar tók Landsréttur fram að L hefði verið með gilt ökuskírteini frá Venesúela er lögregla stöðvaði hann umrætt sinn en hann hefði verið kominn langt yfir þau tímamörk sem greinir í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini. Var hann því sakfelldur fyrir akstur án ökuréttinda. L var gert að greiða 100.000 krónur í sekt en sæta ella fangelsi í átta daga.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Eyvindur G. Gunnarsson og Símon Sigvaldason.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 24. nóvember 2025 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Málgögn bærust réttinum 27. febrúar 2026. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2025 í málinu nr. S-1182/2025.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að refsing ákærða verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara að refsing hans verði lækkuð verulega.
- 4 Við aðalmeðferð málsins var spiluð mynd- og hljóðupptaka af skýrsla ákærða í héraði.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 5 Með ákæru 25. febrúar 2025 var ákærða gefið að sök umferðarlagabrot og skjalafals með því að hafa, sunnudaginn 10. nóvember 2024, ekið bifreiðinni [...], án þess að hafa öðlast ökurétt og án þess að ljós bifreiðarinnar væru tendruð um Strandgötu við Fornbúðir í Hafnarfirði, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, og framvísað í blekkingarskyni gagnvart lögreglu ökuskírteini frá Perú, á nafni ákærða, sem reynst hafi grunnfalsað. Í ákæru voru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
- 6 Í héraði játaði ákærði þá háttsemi, sem honum var gefin að sök í ákæru, að hafa ekið umræddri bifreið án þess að ljós hennar væru tendruð, en neitaði sök að öðru leyti. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sakfelldur fyrir framangreind brot. Var honum gert að sæta fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar var frestað og átti hún að falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, héldi hann almennt skilorð, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga.
- 7 Í skýrslu ákærða í héraði kom fram að hann hefði afhent lögreglu ökuskírteini sitt frá Perú þegar hún stöðvaði hann umrætt kvöld. Hann myndi ekki hvenær skírteinið hefði verið gefið út, sennilega á árinu 2020 eða 2021, þegar hann var búsettur þar í landi. Hann hefði tekið bæði bóklegt og verklegt ökupróf og fengið ökuskírteinið 30 dögum síðar. Kvað hann lög í Perú hafa breyst frá því hann fékk ökuskírteinið gefið út og að nýtt kerfi hefði verið innleitt. Ákærði kvaðst alls fjórum sinnum hafa verið stöðvaður hér á landi fyrir akstur án gildra ökuréttinda og í öll skiptin framvísað ökuskírteini frá Perú. Hann sagðist hafa reynt að skrá sig í ökunám á Íslandi en ekki fengið leyfi til þess þar sem hann hefði ekki verið með íslenska kennitölu.
- 8 Lögreglumaður nr. A greindi frá því fyrir héraðsdómi að hafa stöðvað akstur ákærða umrætt sinn og ákærði framvísað ökuskírteini, sem samstarfsmanni hans hefði þótt einkennilegt. Annar lögreglumaður á vakt hefði verið sama sinnis og því hefði ökuskírteinið verið haldlagt til frekari rannsóknar. Í framburði lögreglumanns nr. B í héraði kom fram að hann hefði verið við umferðareftirlit, ásamt lögreglumanni nr. A, og stöðvað akstur ákærða. Hefði ákærði afhent umrætt skírteini frá Perú og hann spurt ákærða hvort hann væri með önnur skilríki en ákærði svarað því neitandi. Hefði hann

reynt að fletta ákærða upp í lögreglukerfinu án árangurs og þá óskað eftir aðstoð landamæradeildar til að skoða ökuskírteinið. Hefði hann álitð ökuskírteinið falsað og þeir því haldlagt það. Sagðist hann hafa beðið ákærða að sýna sér veski, sem hann hefði séð, og við það orðið þess áskynja að ákærði var með ökuskírteini frá Venesúela. Í framburði lögreglumanns nr. C fyrir héraðsdómi kom fram að hann hefði verið kallaður á vettvang þar sem hann starfaði í landamæradeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefði skoðað skírteini ákærða og borið það saman við gagnagrunn en ekki fundið sýnishorn sem samsvaraði skírteini hans og því ákveðið að haldleggja það til frekari rannsóknar. Aðspurður um hvað hefði vakið athygli hans á vettvangi sagði hann að fyrst og fremst hefðu prentun og gæði ökuskírteinisins verið léleg, auk þess sem skírteinið hefði ekki geymt nein öryggisatriði sem unnt hefði verið að sannreyna.

- 9 Lögreglumaður nr. D greindi frá því í héraði að hafa fengið umrætt ökuskírteini til rannsóknar. Hann starfaði í landamæradeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hefði meðal annars það hlutverk að yfirfara vegabréf, ökuskírteini og kennivottorð. Við rannsóknina kvaðst hann hafa notast við mjög víðtækan gagnagrunn á vegum Evrópusambandsins, sem hefði að geyma upplýsingar um hvernig skilríki ættu að líta út. Niðurstaðan úr rannsókninni hefði verið sú að haldlagt skírteini væri sýndarskjal, nánar tiltekið ætti það enga fyrirmynd og líkti ekki eftir neinu. Geymdi skírteinið enga öryggisþætti en á bakhlið þess hefði verið QR kóði sem hefði ekki virkað. Aðspurður hvers vegna samanburðarskírteinið hefði verið í A-flokki en ekki B-flokki, eins og haldlagt skírteini, sagði hann ökuskírteini í báðum flokkum líta eins út, en við bættist réttindaflokkur, eins og tíðkaðist á íslenskum ökuskírteinum.

Niðurstaða

- 10 Ákærði unír niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakfellingu hans samkvæmt ákæru fyrir að hafa ekið bifreið án þess að ljós hennar væru tendruð. Sú niðurstaða héraðsdóms sætir því ekki endurskoðun fyrir Landsrétti. Hann neitar aftur á móti að hafa gerst sekur um að hafa framvísað við lögreglu í blekkingarskyni ökuskírteini frá Perú, á nafni ákærða, sem reynst hafi grunnfalsað. Ákærði byggir á því að ósannað sé að ökuskírteinið hafi verið falsað. Jafnframt vísar ákærði til þess að hafa framvísað skírteininu í góðri trú um falsleysi þess og því skort ásetning til að blekkja. Loks hafi erlent ökuskírteini hans frá Venesúela verið gilt ökuskírteini á Íslandi þegar lögregla stöðvaði ákærða umrætt sinn.
- 11 Eins og áður segir telur ákærði ósannað að fyrrnefnt ökuskírteini sé falsað en til stuðnings sýknukröfu sinni vísar hann til þess að rannsókn lögreglu hafi verið háð verulegum annmörkum þar sem hún byggi að meginstefnu á samanburðarrannsókn en ökuskírteini ákærða líti öðruvísi út og sé því augljóslega ekki af sömu tegund.
- 12 Ákærða er gefið að sök brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt því ákvæði er refsivert að nota falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum. Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, hvílir á

ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Á það jafnt við um þá háttsemi sem ákærða er gefin að sök og lýst er í ákæru sem og huglæga afstöðu hans á verknaðarstundu.

- 13 Í skýrslu lögreglu um rannsókn á ökuskírteini sem ákærði framvísaði kemur fram að skírteinið sé grunnfalsað að öllu leyti. Þar greinir hvaða atriði hafi komið fram við rannsóknina sem einkenni fölsun. Þannig séu ekki til neinar upplýsingar um þessa tegund ökuskírteina í upplýsingasíðum lögreglu sem finna megi á netinu. Um sé að ræða svokallað „fantasy document“ sem fengið hafi íslenska heitið sýndarskjal. Þá sé enga öryggisþætti að finna á ökuskírteininu, ólíkt öðrum ökuskírteinum sem gefin séu út löglega af þarlendum yfirvöldum. Öll prentun víki verulega frá gæðum og áferð, bæði á fram- og bakhlið. Eins sé QR-kóði á bakhlið ökuskírteinisins sem virki ekki. Loks greinir í skýrslunni hvaða gögn og tæki hafi verið notuð við rannsóknina. Eins og áður greinir lýsti lögreglumaður nr. D niðurstöðu þeirrar rannsóknar sem hann annaðist á ökuskírteininu og staðfesti tilvitnaða skýrslu fyrir dómi.
- 14 Í skýrslu ákærða í héraði kom fram að í Perú hefðu ökuskírteini verið gefin út þar sem fólk væri búsett og hefði hann fengið sitt ökuskírteini gefið út á nánar tilgreindum stað. Í héraði lagði ákærði fram gögn um tölvupóstsamskipti á spænsku sem hann kvaðst hafa átt við yfirvöld í Perú. Hann lýsti því að þau sambýliskona hans hefðu átt í tölvubréfasamskiptum við þarlend yfirvöld. Ákærði kvaðst ítrekað hafa reynt að fá vottorð en ekki fengið skýr svör frá yfirvöldum. Hefði ákærða verið tjáð að hann þyrfti að fara til bæjaryfirvalda þar sem ökuskírteinið hefði verið gefið út. Hann hefði verið á Íslandi og reynst ómögulegt að fara sjálfur eða senda einhvern fyrir sína hönd. Aðspurður um réttindi samkvæmt ökuskírteininu, sem ákærði framvísaði og bar meðal annars áletrunina „vehiculos menores“, kvað hann orðin vísa til mótórhjóls en gefin væru út mismunandi ökuskírteini „fyrir allt.“ Spurður um hvort orðin „vehículo menor“, sem kæmu fyrir í tölvubréfasamskiptum við yfirvöld í Perú, vísuðu til réttinda til aksturs mótórhjóls, kvað ákærði orðin þýða lítil ökutæki, en áréttaði að hann þekkti ekkert til ökuskírteina. Jafnframt sagði ákærði hvergi koma fram í svörum yfirvalda í Perú til hans að ökuskírteinið væri falsað.
- 15 Hér að framan er gerð grein fyrir framburði þeirra lögreglumanna sem stöðvuðu ákærða umrætt sinn, framburði lögreglumanna sem rannsökuðu ökuskírteini ákærða og helstu niðurstöðum skýrslu lögreglu um rannsókn á ökuskírteini sem ákærði framvísaði. Í skýrslunni er rakið að skírteinið hafi ýmis einkenni fölsunar, þessi tegund ökuskírteina frá Perú sé ekki til og engar upplýsingar sé að finna um þessa tegund ökuskírteina á upplýsingasíðum lögreglu.
- 16 Að mati dómsins er til þess að líta að á ökuskírteini ákærða kemur fram að það sé í B-flokki og gildi um lítil ökutæki eða „vehiculos menores“ en það ökuskírteini sem notað er til samanburðar í skýrslu lögreglu ber með sér að vera í A-flokki. Þó að lögregla hafi ekki upplýsingar um þá tegund ökuskírteina, sem ákærði framvísaði við lögreglu, í upplýsingasíðum sem hún hefur aðgang að og framburð lögreglumanns nr.

9811, sem getið er að framan, þar sem fram kom að ökuskírteini í A- og B-flokki litu eins út, en við bættist réttindaflokkur, taka niðurstöður skýrslu lögreglu ekki af tvímæli um hvort annars konar ökuskírteini kunni að hafa verið gefin út í Perú til réttinda aksturs lítilla ökutækja samkvæmt B-flokki á umræddum tíma, eins og ákærði heldur fram. Ákærði, sem neitar sök, gaf skýringar á því í framburði sínum í héraði hvers vegna ökuskírteinið, sem hann framvísaði við lögreglu, væri gefið út af staðbundnum yfirvöldum, auk þess sem honum hefði ekki lánast að afla staðfestingar yfirvalda á uppruna ökuskírteinisins. Þá er til þess að líta að ákærði bar fyrir dómi að hafa fjórum sinnum áður framvísað umræddu ökuskírteini við lögreglu. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að grunur hafi vaknað um að ökuskírteinið væri falsað þegar ákærði var stöðvaður í fyrri skipti.

- 17 Þegar allt framangreint er virt og með vísan til 109. gr. laga nr. 88/2008 telst ekki hafið yfir vafa að ákærði hafi framvísað fölsuðu ökuskírteini er lögregla hafði afskipti af honum í umrætt sinn. Verður ákærði því sýknaður af þeim hluta ákæru er lýtur að skjalafalsi samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.
- 18 Ákærða er einnig gefið að sök brot gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga, með því að hafa ekið bifreið án þess að hafa öðlast ökurétt. Í málinu er ágreiningslaust að ákærði var með gilt ökuskírteini frá Venesúela er lögregla stöðvaði hann umrætt sinn. Ákærði ber því við að 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini veiti rétt til að stjórna ökutæki í einn mánuð eftir að skilyrði fastrar búsetu er uppfyllt gildi óháð því hvers konar dvalarleyfi sótt er um. Þar sem ákærði hafi fengið synjun á dvalarleyfi hafi honum verið ómögulegt að uppfylla skilyrði um fasta búsetu. Eins mánaða tímamörkin hafi því ekki verið byrjuð að líða og ákærði þar af leiðandi verið með gilt ökuskírteini er hann var stöðvaður.
- 19 Samkvæmt 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga má enginn stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjóri gefur út. Um erlend ökuskírteini gildir 62. gr. sömu laga en samkvæmt 1. mgr. setur ráðherra reglur um þau skilyrði sem þeir sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini þurfa að fullnægja til að mega stjórna vélknúnu ökutæki, þar með talið hvaða skilyrði handhafi erlends ökuskírteinis þarf að uppfylla til að fá íslenskt ökuskírteini. Í VII. kafla reglugerðar nr. 830/2011, sem sækir stoð í umferðarlög, er mælt fyrir um erlend ökuskírteini. Í 29. gr. eru ákvæði um gildi erlends ökuskírteinis hér á landi. Samkvæmt 2. mgr. veitir ökuskírteini, sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, handhafa rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og það heimilar að stjórna í útgáfulandinu í allt að einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu er fullnægt. Í VIII. viðauka reglugerðarinnar er skilgreining á fastri búsetu. Þar kemur fram í 2. mgr. að með fastri búsetu sé í reglugerðinni átt við þann stað þar sem hlutaðeigandi býr að jafnaði í a.m.k. 185 daga á hverju almanaksári, vegna persónu- eða atvinnutengsla eða, þegar um er að ræða þann sem hefur engin atvinnutengsl, vegna persónulegra tengsla sem sýna náð samband milli hlutaðeigandi og staðarins

þar sem hann býr. Samkvæmt 3. mgr. telst föst búseta vera komin á þegar hlutaðeigandi uppfyllir a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem greinir í 2. mgr.

- 20 Ákærði kom hingað til lands í febrúar árið 2023, sótti þá um alþjóðlega vernd og dvaldi á landinu. Leggja verður til grundvallar að ákærði hafi, þegar lögregla stöðvaði hann við akstur 10. nóvember 2024, haft fasta búsetu hér á landi í skilningi VIII. viðauka við reglugerð nr. 830/2011, enda var bæði fullnægt skilyrði um tíma og persónuleg tengsl ákærða við landið. Af 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 830/2011 leiðir að ökuskírteini ákærða gilti í einn mánuð eftir að hann hafði dvalið á landinu í 185 daga en að þeim tíma liðnum veitti skírteinið honum ekki rétt til að stjórna ökutæki hér á landi. Fyrir liggur að þegar ákærði var stöðvaður var hann kominn langt yfir þau tímamörk sem í ákvæðinu greinir. Samkvæmt þessu fullnægði ákærði ekki skilyrðum 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga og 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 830/2011, enda hafði hann ekki fengið útgefið íslenskt ökuskírteini.
- 21 Samkvæmt framansögðu verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða fyrir akstur án þess að hafa öðlast ökurétt en háttsemin er réttilega heimfærð í ákæru til 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.
- 22 Samkvæmt öllu framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa ekið bifreiðinni [...], án þess að hafa öðlast ökurétt og án þess að ljós bifreiðarinnar væru tendruð, eins og nánar greinir í ákæru. Eru brot ákærða samkvæmt ákæru réttilega heimfærð til 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. sömu laga.
- 23 Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt sakavottorði hefur hann einu sinni áður verið dæmdur til greiðslu sektar fyrir akstur án ökuréttar. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður ákærða gert að greiða sekt að fjárhæð 100.000 krónur, sbr. viðauka I við reglugerð nr. 1240/2019 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, en sæta ella fangelsi í átta daga verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá uppkvaðningu dómsins.
- 24 Ákærða verður gert að greiða helming sakarkostnaðar eins og hann var ákveðinn í héraði. Að öðru leyti verður sakarkostnaður í héraði lagður á ríkissjóð.
- 25 Eftir þessum úrslitum og samkvæmt 1. mgr. 237. gr., sbr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til að greiða helming sakarkostnaðar málsins fyrir Landsrétti, þar með talið helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti, allt eins og greinir í dómsorði. Að öðru leyti verður áfrýjunarkostnaður lagður á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Leomel Andres Romero Berrios, greiði 100.000 króna sekt í ríkissjóð innan 30 daga frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella fangelsi í 8 daga.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar í héraði eins og hann var ákveðinn í hinum áfrýjaða dómi, svo og helming áfrýjunarkostnaðar málsins, sem í heild nemur 747.663 krónum, þar með talinn helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti, Helga Þorsteinssonar Silva lögmanns, 712.500 krónur. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 2025

1. Mál þetta, sem dómtekið var 7. október 2025, var höfðað með ákæru, útgefinni af Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 25. febrúar 2025, á hendur Leomel Andres Romero Berrios, [...], ríkisborgara Venesúela, sem dvelst að [...], [...], fyrir umferðarlagabrot og skjalafals með því að hafa, sunnudaginn 10. nóvember 2024, ekið bifreiðinni [...], án þess að hafa öðlast ökurétt og án þess að ljós bifreiðarinnar væru tendruð um Strandgötu við Fornbúðir í Hafnarfirði, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, og framvísað í blekkingarskyni gagnvart lögreglu ökuskírteini frá Perú, á nafni ákærða, sem reyndist grunnfalsað.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 34. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Ákærði játar sök hvað varðar það brot að aka án þess að hafa ljós bifreiðarinnar tendruð en neitar sök að öðru leyti og krefst sýknu en vægustu refsingar sem lög leyfa hvað akstur án ljósa snertir. Til vara er þess krafist að refsing verði felld niður og þrautavara er krafist refsilækkunar. Krafist er hæfilegra málsvarnarlauna verjanda til handa.

Málsatvik

3. Tildrög máls þessa eru að mestu upplýst. Þannig liggur fyrir að lögregla veitti akstri ákærða athygli á Strandgötu í Hafnarfirði skömmu eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 10. nóvember 2024 þar sem aðalljós bifreiðarinnar voru ekki kveikt. Var för ákærða því stöðvuð til að athuga um ástand hans og ökuréttindi. Ákærði var látinn blása í áfengismæli sem sýndi nokkur merki áfengisneyslu sem ákærði gekkst við en þar sem sú neysla var að mati lögreglu innan marka var ekki annað hafst að af þeim sökum en að bifreiðinni var lagt og horft til þess að ákærði myndi ekki halda áfram akstri heldur hafa önnur ráð með að komast heim.
4. Er ákærði var krafinn um ökuskírteini framvísaði hann skírteini sem samkvæmt efni sínu benti til þess að það væri gefið út af yfirvöldum í Perú. Þegar lögreglan hugðist staðreyna nafn ákærða í tölvubúnaði lögreglubifreiðarinnar á grundvelli þessa skírteinis gekk það ekki og þar sem skírteinið kom lögreglumönnum torkennilega fyrir sjónir fengu þeir lögreglumann úr þeirri deild sem annast landamæraeftirlit til að koma á staðinn. Rannsókn þess lögreglumanns leiddi lögreglu að þeirri niðurstöðu að nefnt ökuskírteini væri falsað. Um það vildi ákærði ekki tjá sig er lögreglan bar þá niðurstöðu undir hann. Lögregla haldlagði ökuskírteinið.
5. Ákærði var spurður eftir því hvort hann væri með önnur skilríki á sér og var beðinn af lögreglu að sýna veski sem lögreglumaður sá að hann var með í buxnavasa sínum eftir því sem fram kom fyrir dómi. Ákærði

gerði það og hafði veskið þá að geyma meðal annars ökuskírteini frá Venesúela sem hægt var að hagnýta til könnunar í kerfi lögreglu. Við frekari skoðun í því kerfi kom í ljós að ákærði hafði þrisvar áður verið stöðvaður við akstur án gildra ökuréttinda. Rituð var skýrsla á vettvangi þar sem bókað var að tilefnið væri akstur án gildra ökuréttinda í andstöðu við 58. gr. umferðarlaga og án þess að ljós væru tendruð í andstöðu við 69. gr. sömu laga. Ákærði fór svo frjáls ferða sinna eftir afskipti lögreglu.

6. Í kjölfar þessara atvika var ökuskírteinið sem sagt var frá Perú tekið til frekari rannsóknar af rannsóknarlögreglumanni með sérhæfðum rannsóknarbúnaði, auk þess sem nýttir voru alþjóðlegir gagnagrunnar til að rannsaka skjalið. Niðurstaðan varð sú, annars vegar með samanburðarrannsókn þar sem skjalið var borið saman við staðfest eintak af ökuskírteini frá Perú og hins vegar með því að rýna í skjalið sjálft, að það væri svokallað sýndarskjal sem ætti sér ekki samsvörun við skilríki sem gefin eru út af hálfu yfirvalda í Perú. Í skjalinu væru engir öryggisþættir ólíkt löglegum skírteinum, prentun skjalsins væri af lakari gæðum og áferð, bæði framhlið skjalsins og bakhlið, og loks virki ekki QR-kóði sem getur að líta á bakhlið þess. Rannsóknarlögreglumaðurinn kom fyrir dóm og staðfesti niðurstöðu rannsóknarinnar. Hann bar um að hafa haft aðgang að alþjóðlegum gagnagrunnum þar sem geti að líta skírteini víðsvegar að úr veröldinni, þar með talið frá Perú. Hann gat þess aðspurður að það væri enginn eðlismunur á ökuskírteinum þaðan, hvort sem þau væru í A-klassa eða B-klassa, heldur lyti sú auðkenning fyrst og fremst að réttindaflokkun ökuréttinda viðkomandi handhafa skírteinisins.
7. Af hálfu ákærða voru lögð fram gögn sem að sögn fólu í sér tölvupóstsamskipti við yfirvöld í Perú. Skjölín voru lögð fram á spænsku án þýðingar en með fulltingi túlks sem túlkaði fyrir ákærða virtist mega draga þá ályktun að ákærði hefði ekki haft erindi sem erfiði við að fá yfirvöld í Perú til að staðfesta að títtnefnt skjal væri ökuskírteini. Ákærði staðfesti þá ályktun fyrir dómnum.

Niðurstaða

8. Ákærði hefur játað brot sitt hvað varðar ljósanotkun bifreiðarinnar og þar sem sú játning er í samræmi við gögn málsins að öðru leyti verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi enda er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða.
9. Í 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga er kveðið á um að enginn megi stjórna bifreið eða bifhjóli nema hann hafi til þess gilt ökuskírteini sem ríkislögreglustjóri gefur út. Fyrirliggjandi er að ákærði er ekki handhafi slíks skírteinis. Þá er kveðið á um í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 830/2011, sem sett er á grundvelli umferðarlaga, að ökuskírteini sem gefið er út í ríki sem er ekki aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, svo og ökuskírteini sem gefið er út á grundvelli slíks ökuskírteinis, veiti handhafanum rétt til að stjórna sömu ökutækjum hér á landi og erlenda skírteinið heimilar í útgáfulandinu í allt að einn mánuð eftir að skilyrðum um fasta búsetu hefur verið fullnægt.
10. Fyrir liggur að ákærði fullnægir ekki framangreindum skilyrðum enda hefur hann dvalist hér á landi í krafti hælisúmsóknar. Sú túlkun sem haldið var á lofti af hans hálfu, að mánaðarfresturinn samkvæmt 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar byrji fyrst að líða þegar búið sé að fallast á umsókn ákærða, á sér ekki stoð í umferðarlögum eða tilvitnaðri reglugerð. Slík niðurstaða væri enda órökrétt, að réttindi hælisleitanda til aksturs sé í þessum efnum ríkari en þeirra erlendu einstaklinga sem sækja um dvalarleyfi héraðs á öðrum forsendum, svo sem vegna atvinnu.

11. Í framangreindu ljósi verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa ekið bifreiðinni [...] án þess að hafa öðlast ökurétt enda hefur hann ekki fengið útgefið íslenskt ökuskírteini slíkum réttindum til sönnunar. Horfa verður einnig í þessu tilliti til þess að ákærði framvísaði skjali sem sagt var fela í sér sönnun ökuréttinda í Perú sem ekki verður fallist á að sé raunin eins og að framan er rakið. Hann framvísaði á hinn bóginn ekki að eigin frumkvæði og af sjálfsdáðum ökuskírteini sem laut að handhöfn ökuréttinda í Venesúela sem ekki eru bornar brigður á að sé gilt ökuskírteini þar í landi. Það gerði hann fyrst eftir að það brot var fullframið að afhenda lögreglu skjalið sem sagt er hafa verið gefið út af yfirvöldum í Perú sem slegið hefur verið föstu hér framur að sé falsað. Áréttu verður að handhöfn ökuréttinda í Venesúela myndu engu breyta um ákærufnið er lýtur að akstri án gilda ökuréttinda.
12. Ákærði er fæddur í [...]. Sakavottorð ákærða liggur fyrir í málinu þar sem tilgreint er að ákærði hafi áður verið dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 80.000 krónur fyrir akstur án gilda ökuréttinda.
13. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
14. Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Helga Þorsteinssonar Silva, 1.012.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Engan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.
15. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Baldvin Einarsson aðstoðarsaksóknari

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Leomel Andres Romero Berrios, [...], sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga Þorsteinssonar Silva lögmans, 1.012.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.